

Fundargerð 28. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2017, föstudaginn 20. janúar kl. 13:15 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar símafundur í Virkisbúð.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson og Dagbjörg Jónsdóttir. Í símasambandi voru Árni Eiríksson, Sigrún Hauksdóttir, Kristín María Birgisdóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Arnar Þór Sævarsson.

Gunnsteinn R. Ómarsson, Unnur Lára Bryde, Gunnar Þorgeirsson og Nanna Jónsdóttir boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samtök orkusveitarfélaga - fundargerðir 2016-2020 - 1601004SO

Lögð fram fundargerð 27. fundar frá 10. nóvember 2016.

Til kynningar.

2. Skýrsla formanns - 1601004SO

Stefán Bogi gerði grein fyrir starfi samtakanna árið 2016 og ræddi næstu skref samtakanna.

3. Samtök orkusveitarfélaga - ársreikningur 2016 - 1701001SO

Lagður fram ársreikningur samtakanna fyrir árið 2016.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarsveitarfélögum, sbr. ákvæði í 2. mgr. 12 gr. laga Samtaka orkusveitarfélaga, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til því er lokið.

4. Stefnumörkun stjórnar - Samtök orkusveitarfélaga 2013-2020 - 1511003SO

Rætt um stefnumörkun stjórnar.

Ákveðið að fresta málinu til næsta fundar. Starfsmanni falið að senda núverandi stefnumörkun á stjórnina.

5. Skattlagning vatnsréttinda - 1701002SO

Stefán Bogi fór yfir nýfallinn úrskurð um skattlagningu vatnsréttinda. Landsvirkjun skaut álagningu Fljótsdalshéraðs á vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar til Yfirfasteignamatnefndar. Helstu niðurstöður nefndarinnar voru að vatnsréttindi skulu bera fasteignagjöld í A-flokki en

Fljótsdalshérað hafði lagt á þau gjöld skv. C-flokki. Einnig kemur fram í úrskurðinum að vatnsréttindi innan þjóðlenda skulu einnig bera fasteignagjöld, en Landsvirkjun hafði mótmælt að svo ætti að vera.

Samþykkt að senda bréf á aðildarsveitarfélögin þar sem þau eru hvött til að senda erindi til Þjóðskrár og óska eftir fasteignamati á vatns- og jarðhitaréttindi sem tekin hafa verið til nýtingar. Formanni, ásamt starfsmanni, falið að útbúa leiðbeiningar sem senda skal með bréfinu og geta nýst sveitarfélögunum þegar þau óska eftir mati. Einnig samþykkt heimild til að leita til sérfræðinga um aðstoð við gerð leiðbeininganna og greiðslu kostnaðar vegna þessa.

6. Vindmyllur á Íslandi - 1601005SO

Rætt um fasteignamat á vindmyllum.

Ákveðið að afla frekari upplýsinga um málið og taka það upp á næsta fundi.

Fundi var slitið kl. 14:00